

Kennsluáætlun 2024 - 2025

Bekkur: 1

Námsgrein: Íslenska

Kennarar: Aðalheiður Sif, Anna Guðrún og Ólöf Jóna

Markmið

Að nemendur:

þekki íslensku bókstafina, hástafi, lágstafi og hljóð þeirra

þjálfist í að hlusta og greina frá innihaldi sagna

leiki sér með málið á sem fjölbreyttasta hátt

Kennsluaðferðir/vinnulag

Stuðst er við kennsluaðferðir K-pals

Paravinna

Einstaklingsvinna

Hópavinna

Útikennsla

Námsmat

Lesfimiþróf í sept, jan og maí

Sjónrænn orðaforði

Orðleysur

Lesskimun

Tove Krogh

Önnur verkefni

Námsgögn

K- pals

Söngtextar

Læsisverkefni unnin af kennurum

Verkefnabækur

Spil, stafir og önnur hlutbundin gögn

Markmið

- Efla Félags-, tilfinninga- og siðgæðisproska
- Bæta þol, styrk, liðleika
- Kenna rétta líkamsbeitingu og rétta framkvæmd fjölbreyttra æfinga
- Kenna nemendum seiglu, að hvetja aðra, sýna tillitssemi og fara eftir fyrirmælum

Þjálfar ofantalda þætti reglulega yfir vetur og veita nemendum mörg tækifæri til þess að takast á við þessa krefjandi þætti námsins

Kennsluáðferðir/vinnulag

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurteknar æfingar, leikir, stöðvaþjálfun, þrautabrautir. Nemendur vinna sem einstaklingar en einnig í hóp. Sérstök áhersla er á það að hausti og vori að fara í Laugardalinn, þar fara nemendur út fyrir skólalóðina og þurfa að fylgja fyrirmælum og standa svolítið á eigin fótum í verkefnum sem lögð eru fyrir. Þessar ferðir reyna á rötun, hugrekki og sjálfstæði, ásamt því að læra fjölbreytta leiki og æfingar. Áhersla er á þol og hlaupahraða á þessu tímabili. Í íþróttasalnum er lögð áhersla á aðra hluti, þar er farið fjölbreytta hreyfiþjálfun og er lögð aðaláhersla á færni þjálfun ásamt styrk og liðleika.

Íþróttakennsla fer fram í íþróttahúsi Langholtsskóla.

Útitímabil er í byrjun hausts og lok vors.

Kennt er tvisvar sinnum í viku, 40 mínútna tímar.

Kynntar eru ýmsir leikir, minnibolta leikir boltaíþróttar, frjálsar íþróttir og fimleikar.

Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni.

Námsmat

- Tekin eru nokkur færnipróf
- Þolpróf

Mikilvægt er að átta sig á því að prófin eru tekin til þess að átta sig á stöðu barnanna en er ekki stóri dómur, námsmatið er leiðbeinandi fyrir kennara og foreldra. Prófin gefa vísbendingar um hreyfifærni og líkamsástand barnanna. Ef ástæða þykir til hefur kennari samband við foreldra og á samtali um niðurstöður og hvað er hægt að gera til að bæta ástand ef þurfa þykir.

Námsgögn

Nemendur mæti í íþróttafötum í kennslustundir.

Áhöld í íþróttasal: Minni áhöld: boltar, gjarðir, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, léttar dýnur, liðabönd, vesti, mjúkir boltar, badmintonflugur og spaðar, bandý boltar og kylfur, keilur, skeiðklukkur, málband, spilastokkur, mottur, baunapokar, körfuboltar, fótboltar, handboltar, skotboltar, sippubönd, snú-snú bönd, teygjur, mjúkir boltar.

Stærri áhöld: kubbar, kaðlar, slár, badminton uppistöður, blak uppistöður, mörk, körfur, bekkir, stærri dýnur, stökkbretti, boltagrindur, boltanet, grindur (fyrir grindahlaup), hástökk uppistöður og rá, langstökkspilanki, mörk gervigrasvöllur, körfuspjald, grasvöllur.

Kennsluáætlun 2024 - 2025

Bekkur 1

Námsgrein: samfélags- og náttúrugreinar

Kennari: Aðalheiður Sif, Anna Guðrún og Ólöf Jóna

Markmið

Að nemendur:

kynnist skólastarfi

kynnist ólíkum fjölskyldugerðum

kynnist nærumhverfi sínu

vinni vináttuverkefni

læri um líkamann og hvernig þau verða til

kynnist húsdýrum

Kennsluaðferðir/vinnulag

Vettvangsferðir

Útikennsla

Umræður

Hópavinna

Einstaklingsvinna

Námsmat

Sjálfsmat

Virgni í tímum

Námsgögn

Kennslumyndbönd af vefnum

Verkefnablöð unnin af kennurum

Kennsluáætlun 2024 - 2025

Bekkur 1

Námsgrein stærðfræði

Kennari: Aðalheiður Sif, Anna Guðrún og Ólöf Jóna

Markmið

Að nemendur:

auki talnaskilning sinn og kynnist tugakerfinu á mjög hlutbundinn hátt

þekki helstu form

æfist í samlagningu og frádrætti

kynnist súluritum og mynsturgerð

kynnist sléttum tölum og oddatölum

Kennsluaðferðir/vinnulag

Útikennsla

Hringekjur

Einstaklings og hópavinna

Námsmat

Símat

Kannanir að loknum hverjum efnispætti

Námsgögn

Sproti 1a og 1b nemendahefti og æfingarhefti

Verkefnablöð

Húrrahefti

Stærðfræðispæjarar

Numicon

Talnagrindur

Kubbar

Spil

Markmið

Öryggi og vellíðan í vatni, þátttaka, vatnsleikir, fljóta á maga og baki, sækja hlut í kafi. Skriðsund fótatak, baksund fótatak, skriðsund, baksund, bringusund fótatak, skólabaksund fótatak. Áhersla lögð á að nemendur taki þátt í æfingum sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar, með eða án áhalds.

Kennsluaðferðir/vinnulag

Kennsluaðferðir/vinnulag Sundkennsla fer fram með og án áhalds. Sundkennsla fer fram í formi leikja, sýnikennslu, stýrikennslu, tækniæfinga, sundþjálfunar og frjálsum leik. Lögð er áhersla á virðingu, vellíðan og virkni. Lögð er áhersla á að nemendur fylgi eftir reglum sundstaða.

Námsmat

Mat á frammistöðu í tímum.
Metin eru hæfniviðmið í íþróttum samkvæmt aðalnámskrá

Námsgögn

Nemendur mæti með sundföt og sundgleraugu.
Hringir, korkar, blöðkur, kútar, svamp núðlur.